



DALAPÓSTURINN

2. tölublað, 8. árgangur
12. febrúar 2015

Fasteignagjöld

Álagning fasteignagjalda er nú lokið. Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd í síðasta lagi 15. febrúar. Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankareikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700 kl. 9-13 eða á netfanginu ingibjorgjo@dalir.is.

Byggðasafn Dalamanna - sögustundir

Næstu þrjú sunnudaga verður sögustund á safninu.

Sunnudaginn 15. febrúar kl. 15 mun Sigurður Þórólfsson í Innri-Fagraðal fara yfir sögu Kaupfélags Saurbæinga. Kaupfélag Saurbæinga var stofnað 1898 og rak verslun, sláturhús og fleira í Salthólmavík og síðar Skriðulandi.

Sunnudaginn 22. febrúar kl. 15 mun Bogi Kristinsson byggingafulltrúi segja frá 19. aldar byggingartækni; "Úr mold í stein".

Sunnudaginn 1. mars kl. 15 mun safnvörður segja frá lífshlaupi Gísla Jónssonar, betur þekktur sem Saura-Gísli. Aðgangseyrir er 500 kr fyrir fullorðna.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Þjónustuhús við tjaldsvæði

Dalabyggð óskar eftir tilboðum í byggingu þjónustuhúss við tjaldsvæðið í Búðardal.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum.

Þjóðendur geta nálgast útboðsgögn á skrifstofu Dalabyggðar frá 18. febrúar 2015.

Tómstundabæklingur

Tómstundabæklingur UDN og Dalabyggðar fyrir vorið 2015 er kominn út. Honum verður dreift með pósti, en er einnig að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Félagsþjónustan

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16.

Skrifstofa félagsmálastjóra Borgarbyggðar er á Borgarbraut 14 í Borgarnesi. Sími 433 7100 og fax 433 7101.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar Sælingsdalslaugar í febrúar eru á þriðjudögum kl. 15:30-20:00, miðvikudögum kl. 18:00-21:45 og fimmtudögum kl. 15:30-18:00.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Opnunartímar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Netfangið er bokasafn@dalir.is og síminn 430 4720.

Kvenfélagið Fjóla kom færandi hendi á Héraðsbókasafnið í síðustu viku og afhenti bókaverði gjafabréf uppá 150.000 kr til kaupa á húsgögnum fyrir safnið.